

153

5. nóv

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 206 frá 8. nóv. 1939,
um barnavernd í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Börn innan 14 ára aldurs mega ekki vera á almannaferi eftir kl. 20 á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim. Einnig er börnum innan 14 ára aldurs óheimill aðgangur að almennum kvikmyndasýningum, sem haldnar eru eftir kl. 20.

Foreldrum barnanna eða forráðamönnum, ber að viðlagðri ábyrgð, að sjá um að ákvæðum þessum sé framfylgt.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 5. nóvember 1958.

Gylfi Þ. Gíslason,

Birgir Thorlacius

154

6. nóv.

SAMÞYKKT

um sveitarstjórn í Garðahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar, hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé jafnframt hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að þau séu tilhlýðilega unnin. Hann annast innheimtu á tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti, geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefnd tekur gilda, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, er í 6. gr. getur, og greiddast þau úr sveitarsjóði.

6. gr.

154

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni.

Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera 6 mánuðir.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Garðahrepps hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 19 frá 1951, um sveitarstjóra, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 6. nóvember 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Helgi Helgason.

G J A L D S K R Á

155

fyrir Rafveitu Selfoss.

6. nóv.

I. RAFORKA

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.70 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 80 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 14.00 á ári af fermetra gólfplatlar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 4.00 á ári af fermetra.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 10.00 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 5.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Leiga af mælinum er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.45 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 300.00 fyrir hvert kw. í málaun véla.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar og greiðist þá, auk orkugjaldsins, fastagjald er nemi kr. 10.00 á ári á hvern fermetra gólfplatlar, í rúmi því er lýsa skal. Fyrir ganga og geymslur greiðist þó kr. 3.00 á ári á fermetra.